

## Bókardómur

### Þorvaldur Gylfason: Framtíðin er annað land\*

Jónas Haralz

Þorvaldur Gylfason er mikilvirkur höfundur og það kennir margra grasa í nýjustu bók hans sem nefnist *Framtíðin er annað land*. Uppistaða bókarrinnar eru þrjár ritgerðir um hagvöxt í þróunarlöndum (*Að vaxa í sundur*), hagvöxt á Norðurlöndum (*Náttúruauðlindir, útflutningur og Evrópa*) og gengismál (*Á gengi að vera fast eða fljóta? Gengisstefnan við frjálssar fjármagnshreyfingar*). Þessar ritgerðir hafa áður birst í *Fjármálatíðindum*, en tvær þeirra voru upphaflega samdar sem erindi á erlendum ráðstefnum en ein sem inngangskafli að erlendri bók höfundar. Annað efni bókarinnar eru fjölmargar greinar sem birst hafa í *Vísbendingu*, *Frjálsri verslun* og *Morgunblaðinu* á árunum 1999 til 2001. Margar þeirra hafa að geyma áhugaverðar athuganir og upplýsingar varðandi meginefni bókarinnar, hagvöxt, gengismál og áhrif náttúruauðlinda, aðrar heyra til dægurumræðna um efnahagsmál og stjórnmál. Það er ekki hlaupið að því að mynda heild úr þessum efnivið, en það reynir höfundurinn að gera í vönduðum inngangi bókarinnar.

Sú var tíðin, um miðbik síðustu aldar, að talið var hér á landi að velmegun og framfarir byggðust svo til einhliða á framleiðslutækjum: fiskiskipum, farskipum, verksmíðjum og orkuverum. Það væri tilkoma slíkra tækja sem skipti öllu máli en ekki

hvernig með þau væri farið þegar þau voru komin til sögunnar. Þessi skoðun átti sér erlendar fyrirmyndir og gat leitað stoðar í hugmyndum hagfræðinga sem litu á fjármagn og tækniframfarir sem lykil að hagvexti. Þorvaldur Gylfason er fulltrúi allt annarrar skoðunar sem lítur á hagvöxt sem sprottinn af margvíslegum rótum og um leið innan áhrifa frá fúsum og frjálsum vilja fólks, bæði einstaklinga og almannavalds, eins og hann kemst að orði. Með dæmum frá fjölda þróunarlönda á síðari hluta tuttugustu aldar rekur hann og skýrir hvernig lönd hafi ýmist gengið fram á við til góðs ellegar látið undan síga, ýmist vaxið sundur eða vaxið saman, eins og hann segir. Löndin sem betur hefur vegnað eru þau sem haft hafa í heiðri gott stjórnarfar, samfara frjálsum viðskiptum, einkaframtaki og einkaeign. Þessi sannindi eru ekki ný. Þau voru ljós upphafsmönnum klassískrar hagfræði og vel kunn sumum helstu forystumönnum í íslenskum þjóðmálum á nítjándu öld og fram á fyrstu áratugi þeirrar tuttugustu. Þetta var einnig sá boðskapur sem Benjamín Eiríksson flutti að nýju til Íslands árið 1949. En sjaldan er góð vísa of oft kveðin og Þorvaldur eykur í kveðskapinn með sérstakri athygli sinni á gildi menntunar, annars vegar, og hæpnum ábata af hagnýtingu náttúruauðlinda, hins vegar.

Það getur virst svo í sumum greinum bókarinnar sem menntunin nálgist að skipa þá lykilstöðu hagþróunar sem fjármagn og tækni gerðu áður. Ein greinanna heitir meira að segja *Menntun, menntun, menntun*. Skoðun Þorvalds er eigi að

\* Þorvaldur Gylfason: *Framtíðin er annað land*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2001, ISBN 9979-54-463-5.

síður sú að menntunin sé aðeins einn af mörgum áhrifavöldum hagvaxtar, þótt hún komi víða við sögu. Um áhrif hennar verði einnig að fjalla af fullri varúð. Útgjöldin ein og hlutfall þeirra af þjóðartekjum eru ekki nema upphafsnálgun að málinu. Enn mikilvægara er hvernig þeim fjárumunum er varið sem til menntunar ganga, og þá koma til skjalanna umbætur á menntakerfinu, þar með talið auknið svigrúm til samkeppni og einkarekstrar.

Að Þorvaldur sé í hjarta sínu jafnaðarmaður fer ekki á milli mála, jafnframt því sem hann er eindreginn fylgismaður markaðsbúskapar og frjálsra viðskipta. Það er áhugavert að fylgjast með hvernig hann sameinar þetta tvennt, en í því felst kjarni þeirrar nýtísku jafnaðarstefnu sem svo mjög hefur komið við sögu undanfarin ár, bæði hér á landi og erlendis. Í greininni *Launamunur og menntun* hefur hann mál sitt með því að benda á að ekki megi rjúfa tengslin á milli launa og afkasta eins og gert hafi verið í löndum sósíalismans. Í markaðsbúskap verði þau tengsl að haldast, en þó hafi verið farnar mismunandi leiðir í þessu efni. Önnur leiðin sé að láta markaðinn að mestu einráðan, en hin sú að byggja á víðfeðmum samningum verkalyðsfélaga og samtaka vinnuveitenda, sem þó taki mið af markaðsaðstæðum. Fyrri leiðin tíðkist í Bandaríkjunum og víðast hvar í Asíu en hin síðari sé sú sem farin hafi verið í Evrópu. Þeirri leið fylgi aukinn launajöfnuður, samfara vaxandi atvinnuleysi og þverrandi áhuga fyrir öflug menntunar, og þar með minni hagvöxtur, þegar til lengdar lætur. Bandaríska leiðin haldi uppi atvinnu og örvi hagvöxt, en geti jafnframt leitt til mikils og vaxandi launamunar sem samfélagið eigi erfitt með að sætta sig við. Það er skoðun Þorvalds að viðbrögðin ættu í báðum tilvikum að vera hin sömu: meiri og jafnari menntun. Með því væri ráðist að röt vandans og afkastamunur minnkaður með því að draga úr misskiptingu menntunar. Launamismunur yrði minni, jafnframt því sem markaðskerfið yrði virkara og hagvöxtur meiri.

Umfjöllun sína um gengismál hefur Þorvaldur með því að segja að aldrei verði unnt að fullyrða hvort henti betur, fast eða fljótandi gengi.

Ákvörðun þjóða um fyrirkomulag gengisskráningar fari að réttu eftir aðstæðum í hverju landi á hverjum tíma. Hann fjallar að því búnu um gengisfyrirkomulag hér á landi eftir 1960, sveigjanlega fastgengisstefnu, sem hann telur hafa hentað aðstæðum býsna vel, þrátt fyrir allt. Festu gengisins hafi verið beitt til að halda verðbólgu í skefjum, með góðum árangri eftir 1990, en genginu hins vegar verið breytt þegar nauðsyn bar til vegna opunar hagkerfisins út á við. Fljótandi gengi hafi ekki getað komið til álíta fyrir en tekist hafði að ná verðbólgunni niður á tíunda áratugnum, auk þess sem virkir gjaldeyris- og peningamarkaðir hafi ekki verið til. Þá hefði óbifanlegt gengi getað valdið miklum usla, eins og reynslan frá því fyrir 1960 beri vott um.

Svipað verður uppi á teningnum þegar Þorvaldur lítur til reynslu og skoðana annarra þjóða. Eðlilegar ástæður séu fyrir því að sumar þjóðir kjósi að festa gengi sitt en aðrar ekki, og sömuleiðis fyrir því að sama þjóðin kjósi að festa gengi sitt á einum tíma en ekki á öðrum. Það sem nú hafi gerst sé hins vegar að frá því í kringum 1990 hafi fjármagnshreyfingar orðið því sem næst alfrjálsar um víða veröld, og þessu virðist fylgja að kostirnir í gengismálum verði aðeins tveir: sjálfstæði í peningamálum og fljótandi gengi, eða ósjálfstæði í peningamálum og fast gengi, sem þá felist í inngöngu í myntbandalag eða upptöku myntar annarrar þjóðar. Þessa niðurstöðu á Þorvaldur erfitt með að sætta sig við, og hann vill leita millileiðar sem geti samræmt frjálsa fjármagnsflutninga, sjálfstæði í peningamálum og gengi þjóðmyntar sem haldist geti fast í lengri tíma. Þetta telur hann vera kleift á grundvelli góðrar hagstjórnar, betri en menn hafi lengstum átt við að búa.

Enda þótt bók Þorvalds hafi verið gefin út hálfu ári eftir að verðbólguþröskur var upptekið við stjórn peningamála á Íslandi og í Noregi, líkt og áður hafði gerst víða um heim, ræðir hann þessa breytingu ekki að neinu ráði. Þetta er þó veigamesta breytingin sem orðið hefur í stjórnun peningamála um langt skeið og er ætlað að stefna einmitt í þá átt sem hann sjálfur mælir með, þ.e.a.s. að beita agaðri hagstjórn til þess að komast hjá afsali þjóðmyntar og geta átt þess kost að

haga stjórn peninga- og gengismála eftir aðstæðum. Jafnframt er þá vonast til þess, og raunar að því stefnt, að gengi geti haldist tiltölulega stöðugt þegar til lengdar lætur, þótt ekki sé beitt til þess beinum aðgerðum, vegna þess að verðbólga haldist svipuð og í viðskiptalöndum. Þessi nýja stefna felur það í sér að stjórnmalamenn heimila Seðlabanka, án afskipta af sinni hálfu, að beita þeim tækjum sem bankinn hefur yfir að ráða til þess að ná þeim langtíma markmiðum sem þeir sjálfir hafa talið vera fyrir bestu. Í þessu efni hafa Íslendingar, og aðrar þær þjóðir sem sömu stefnu fylgja, færst mikið í fang. Það skiptir því miklu að sem mestur skilningur sé á eðli þessara mála, jafnt hjá almenningi sem stjórnmalamönnum, eigi réttur árangur að nást.

Þorvaldi sviður það sárt að ekki skuli hér á landi hafa verið fylgt hugmyndum hagfræðinga um auðlindagjald á sjávarafurðir. Þessar hugmyndir komu fram upp úr 1960 og voru aðalumræðuefni á norrænu hagfræðingamóti sem haldið var hér á landi árið 1975, þar sem Bjarni Bragi Jónsson hélt aðalerindið. En á þessu var enginn almennur skilningur á tímum útfærslu fiskveiðilögsögu og togaravæðingar. Það var ekki fyrr en hrun fiskistofna blasti við ásamt stórfelldri óhagkvæmni í rekstri sjávarútvegs, sem tekið var að bregðast við vandanum, og þá eftir smátækum leiðum sem einar voru framkvæmanlegar í bili. Þetta þróaðist svo eftir öðrum farvegi en auðlindagjaldi í það kerfi framseljanlegra kvóta sem nú er í gildi. Það fyrirkomulag varð til, miklu frekar en að það væri búið til. Hvað sem að öðru leyti má um það segja reyndist það vera fiskistofnum til verndar og leiða til hagræðis í rekstri sjávarútvegs. Þá má spyrja hversu skynsamlegt sé að stokka upp að nýju og koma á kerfi auðlindagjalds sem enginn í rauninni veit hvernig myndi líta út þegar það væri búið að ganga í gegnum eldskír stjórnmalalegra ákvarðana.

Í tveimur greinum bókarinnar *Ólíkar lífsskoðanir* og *Að flokka stjórnmalastefnur* gerir Þorvaldur sér far um að greina stjórnmalaskoðanir, annars vegar á grundvelli afstöðunnar til samskipta við aðrar þjóðir, og hins vegar á grundvelli áherslu á réttlæti eða hagkvæmni. Á hinn bóginn leggur hann sig ekki fram um að skýra hvernig hagstjórn hljóti að mótast af sjónarmiðum stjórnmalanna ekki síður en niðurstöðum hagfræðinnar. Það er jafnvel ekki laust við að hann hallist að þeirri skoðun, sem stundum er eignuð John Maynard Keynes, að í samskiptum um hagstjórn skuli hagfræðingar leggja á ráðin en stjórnmalamenn fara eftir þeim. Sem betur fer hafa þessi samskipti þróað til annars og betri vegar á undanföllum áratugum, bæði hér á landi og annars staðar. Þekking og skilningur hefur vaxið á báða bóga, annars vegar á kenningum hagfræðinnar, hins vegar á þeim aðstæðum sem stjórnmalin eru háð. Þetta hefur leitt til mikilsverðs árangurs í bættri hagstjórn, sem byggist á skilningi og dirfsku stjórnmalamanna ekki síður en á hollum ráðum hagfræðinga.

Sú bók Þorvalds Gylfasonar sem hér er fjallað um ber þess órækan vott að höfundurinn eigi allan heiminn að vettvangi. Viðfangsefni hans eru alþjóðleg, hagvöxtur, gengi, verðbólga, auðlindir og hagstjórn. Hann byggir niðurstöður sínar á alþjóðlegri reynslu og styður þær með dæmum hvarvetna að úr veröldinni um leið og hann setur þær fram á skýru íslensku máli. Það sem hann hefur að segja ætti að skipta landa hans miklu. Eigi að síður býður mér í grun að bókin missi að nokkru leyti marks vegna þess að höfundur takist ekki að halda hæfilegri fjarlægð þegar kemur að íslenskum málefnum. Hinn athuguli vísindamaður er allt í einu kominn í hringiðuna miðja, og þá þrengist sjóndeildarhringurinn.